

Alþingi, nefndasvið
Efnahags- og viðskiptanefnd
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 21. september 2016
Tilvísun: 2016081196HSD/--

Efni: Frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl.

Persónuvernd vísar til fyrri umsagnar stofnunarinnar, dags. 2. september 2016, um frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl., 787. mál.

Í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 13. september 2016, sem lagt hefur verið fram í þinginu (dbnr. 2028), er að finna nýjar tillögur til breytinga á ákvæðum frumvarpsins. Er meðal annars lagt til að í 17. gr. frumvarpsins verði ákvæði um samkeyrslur skráa, en efni þessa ákvæðis hefur breyst nokkuð frá því að ráðuneytið lagði fram fyrri breytingatillögur sínar, dags. 23. ágúst 2016 (dbnr. 1871). Í fyrrnefndri umsögn Persónuverndar var meðal annars fjallað um þær tillögur.

Í minnisblaði ráðuneytisins frá 13. september sl. er lagt til að í 17. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að tollstjóra verði heimilt, að því marki sem nauðsynlegt er vegna greiningarstarfs vegna áhættustjórnunar við tollefirlit, og vegna skipulagningar og framkvæmdar tollefirlits, að samkeyra þær skrár sem tilgreindar eru í ákvæðinu, m.a. við aðrar skrár og upplýsingar sem tollstjóra hefur verið heimilaður aðgangur að. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um skrárnar.

Í framangreindu ákvæði er ekki tilgreint hvaða aðili kemur til með að heimila tollstjóra aðgang að þeim skráum og upplýsingum sem hann fær heimild til að samkeyra við skrár embættisins samkvæmt 2. mgr. 17. gr. (eins og hún er sett fram í minnisblaði ráðuneytisins, dags. 13. september 2016). Er óljóst hvort lagaheimild þurfi til, en slíkt verður að teljast æskilegt með hliðsjón af þeim heimildum sem í ákvæðinu felast. Þá er ekki gert ráð fyrir að upphaflegur

tilgangur miðlunar viðkomandi skráa og upplýsinga til tollstjóra hafi þýðingu, en hann kann að hafa verið alls óskyldur tilgangi samkeyrslunnar. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 skal þess hins vegar ávallt gætt við meðferð persónuupplýsinga að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd að áður nefnt ákvæði, eins og það er sett fram í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 13. september 2016, feli í sér of víðtækar og óskilgreindar heimildir til handa tollstjóra til samkeyrslu persónuupplýsinga, hugsanlega viðkvæmra, án þess að sett séu fram nokkurs konar viðmið í þeim efnum.

Rétt þykir að áréttta að miðlun persónuupplýsinga til tollstjóra telst vinnsla í skilningi 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 og er hún því aðeins heimil að eithvert skilyrði 8. gr., og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000, sé uppfyllt.


Þá leggur Persónuvernd til að lokamálsgrein 17. gr. verði breytt á þá leið að í stað þess að ráðherra verði eingöngu falið að setja nánari reglur um skrárnar verði honum falið að setja slíkar reglur um bæði skrárnar og samkeyrslu skráa á vegum tollstjóra, þ. á m. hvaða skrár sé heimilt að samkeyra, í þeim tilgangi að útfæra nánar heimildir og skyldur tollstjóra við framkvæmd slíkrar vinnslu.

Að öðru leyti vísar Persónuvernd til umsagnar sinnar um frumvarpið, dags. 2. september 2016.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson



Helga Sigríður Þórhallsdóttir